

8.2 Fjármálastjórn

<p>Þemu</p> <ul style="list-style-type: none">• Fjárveiting og fjárhagsáætlun• Fjármálastjórnun• Fjárhagsáætlun og tengsl við skólanefnd og sveitarstjórn• Hagkvæm nýting fjármagns til að styðja við eflingu skólstarfs	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreininir varðar áhrif fjárveitinga til skólans og fjármálastjórn. Hann beinir sjónum að gagnsæi, réttlæti og góðri nýtingu fjárveitinga til skólans og því hvernig nýting fjármuna leiðir til aukins árangurs nemenda.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Rekstrarfé skólans nægir til að standa undir starfsemi hans og er nýtt eins vel og kostur er. Við ráðfærum okkur við starfsmenn, nemendur og foreldra um óskir um fjárveitingar og tengjum þær þörfum skólans, markmiðum sveitarfélagsins og aðalnámskrár.• Við notum greinargóðar aðferðir við fjármálaeftirlit. Útgjaldastýring er opinber og í samræmi við viðeigandi ráðgjöf.• Bókhaldskerfi gefa stöðugt upplýsingar um alla þætti sem varða fjármálastjórn, fjárhagsstöðu og ráðstöfun fjármagns.• Forgangsröðun í nýtingu fjármagns er greinilega tengd þróunaráætlun skólans. Fjármagn er nýtt til að auka gæði náms og til að styðja við sérstök þróunarverkefni. Fjárhagsleg afkoma skólans ber með sér að fjárveiting skólans hefur verið vel nýtt til að styðja við þróun sem síðan hefur leitt til jákvæðs árangurs fyrir nemendurⁱ. <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Rekstrarfé er nýtt til að styðja við starfsemi skólans en ekki er alveg nóg samráð haft við suma starfsmenn varðandi nýtingu fjármuna. Rekstrarfé er ekki alltaf tengt markmiðum þróunaráætlunar. Fjárhagsáætlun er ekki alltaf nægilega vel tengd markmiðum sveitarfélagsins og aðalnámskrár.• Aðferðir við eftirlit með fjármunum eru ekki nægilega greinargóðar og uppfærðar. Útgjaldastýringu skortir gagnsæi og sanngirni.• Upplýsingar frá stjórnendum koma stundum of seint eða eru ófullkomnar.• Sumar fjárveitingar tengjast skammtíamarkmiðum og hafa aðeins almenna vísun til eflingar menntunar. Úthlutanir eru ekki alltaf tengdar forgangsröðun þróunaráætlunar. Ákvarðanir í fjármálum taka ekki nógu gott mið af hagræðingu, skilvirkni og góðri nýtingu fjármagns. Einnig styðja þær ekki alltaf forgangsröðun þróunaráætlunar né efla gæði náms nemenda.	

ⁱ Vísid til gæðagreinis 1.2.